

SKÓLASTEFNA FLÓAHREPPS 2022-2025



3 HEILSA OG
VELLÍÐAN



4 MENNTUN
FYRIR ALLA



5 JAFNRETTI
KYNJANNA



10 AUKINN
JÖFNUÐUR



12 ÁBYRG NEYSLA
OG FRAMLEIÐSLA



13 AÐGERÐIRÍ
LOFTSLAGSMÁLUM



9 NÝSKÖPUN OG
UPPBYGGING



16 FRÍÐUR OG
RÉTTLÆTI





EFNISYFIRLIT

Formáli.....	b.ls 3
Inngangur.....	b.ls 4
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.....	b.ls 4
Stefnuáherslur Flóahrepps.....	b.ls 8
Gildi Flóahrepps.....	b.ls 9
Gildi skóla- og leikskóla.....	b.ls 10
Hlutverk leik- og grunnskóla.....	b.ls 11
Skólastefna Flóahrepps.....	b.ls 12
Mannauður.....	b.ls 13
Umgjörð.....	b.ls 17
Samfélag.....	b.ls 21
Umhverfi.....	b.ls 25
Innleiðing og lokaorð.....	b.ls 28





FORMÁLI

Á árinu 2020 var samþykkt ný framtíðarsýn og stefna Flóahrepps sem byggir á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Með henni hefur Flóahreppur skilgreint hvaða heimsmarkmið sveitarfélagið ætlar að leggja áherslu á. Í kjölfarið var hafist handa við undirbúning að mótun nýrrar skólastefnu í sama anda. Vinna við gerð nýrrar skólastefnu Flóahrepps hófst á haustmánuðum árið 2020 og var hún samþykkt í sveitarstjórn á haustmánuðum 2021 og gildir hún til ársins 2025. Aðferðafræðin við mótun stefnunnar byggir á vinnustofum með sveitastjórnar,- og nefndarfólki, skólastjórnendum og skólafólki. Einnig var leitað eftir hugmyndum nemenda Flóaskóla og Krakkaborgar þar sem þau tjáðu sig í máli og myndum um hvað einkennir góðan skóla. Hinn almenni íbúi átti líka kost á að hafa áhrif á stefnuna í gegnum íbúafund.

Eva Magnúsdóttir, ráðgjafi og eigandi Podium ehf., leiddi vinnuna ásamt sveitarstjóra og sveitarstjórn.





INNGANGUR

Skólafestna Flóahrepps tekur mið af stefnu stjórnvalda, menntastefnu til ársins 2030 sem lögð var fram árið 2020, aðalnámsskrá leik- og grunnskóla, lögum um leik- og grunnskóla og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Hún tekur einnig mið af stefnu Flóahrepps, heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, uppbyggingarstefnu skólanna, framfarastefnu heimspékingsins John Dewey, skólum á grænni grein og læsisstefnu skólanna.

Kjarninn í stefnunni er öflugt skólafarf þar sem styrkleikar einstaklingsins fá að njóta sín og lögð er áhersla á að hlúa að og örva skapandi hugsun. Áherslurnar eru á fjóra flokka til þess að ná að uppfylla framtíðarsýnina; mannauð, samfélagið, umgjörð og umhverfið. Framtíðarsýn Flóahrepps í skólafálum sveitarfélagsins er að vera eftirsóknarvert sveitarfélag til búsetu þar sem atvinnulíf er fjölbreytt og framsækið og innviðir góðir. Við erum heilsueflandi, þjónustumiðað og umhverfisvænt samfélag með góða ímynd.




HEIMSMARKMIÐ

Sameinuðu þjóðanna
um sjálfbæra þróun




HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

- 
- Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í september árið 2015 og þau ná til ársins 2030
 - Heimsmarkmiðin eru samþætt og órjúfanleg og mynda jafnvægi á milli þriggja stoða sjálfbærrar þróunar; hinnar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu. Þá fela þau einnig í sér fimm meginþemu sem eru mannkynið, jörðin, hagsæld, friður og samstarf
 - Aðalinntak markmiðanna er að engir einstaklingar eða hópar verði skildir eftir
 - Heimsmarkmiðin eru margþætt og metnaðarfull og krefjast skipulagðrar vinnu af hálfu stjórnvalda en einnig þátttöku og samstarfs ólíkra hagsmunaaðila. Óhætt er að fullyrða að ef þjóðum heims tekst að ná markmiðunum innan gildistíma áætlunarinnar þá mun líf allra og umhverfi hafa batnað til mikilla muna árið 2030



HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

- 
- Ríkisstjórn Íslands hefur skuldbundið sig til þess að innleiða heimsmarkmiðin
 - Ný framtíðarsýn og stefna Flóahrepps byggir á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Með henni hefur Flóahreppur skilgreint hvaða heimsmarkmið sveitarfélagið ætlar að leggja áherslu á.
 - Til þess að ná framtíðarsýninni ætlar sveitarfélagið að einbeita sér að fjórum meginflokkum; framsæknu atvinnulífi, öfluglu heilsueflandi samfélagi, virku íbúalýðræði og sjálfbæru samfélagi.
 - Valin voru 12 heimsmarkmið 1, 3, 4, 5, 7, 8, 9, 10, 11, 12, 13, 16 til þess að vinna eftir.
 - Mótun skólastefnu er einn þáttur af innleiðingu heimsmarkmiðanna í sveitarfélaginu.
 - Aðferðafræðin við mótun skólastefnunnar byggðist aðallega á vinnustofum með sveitarstjórn, fræðslunefnd og skólafólki á árinu 2020 og 2021. Einnig tjáðu nemendur sig í máli og myndum um hugmyndir sínar um hvað einkenndi góðan leik- og grunnskóla.



STEFNUÁHERSLUR FLÓAHREPPS

FRAMTÍÐARSÝN

Flóahrepps er að vera eftirsóknarvert sveitarfélag til búsetu þar sem atvinnulíf er fjölbreytt og framsækið og innviðir góðir. Við erum heilsueflandi, þjónustumiðað og umhverfisvænt samfélag með góða ímynd

FRAMSÆKIÐ ATVINNULÍF

Við erum landbúnaðarsamfélag með blönduðum atvinnuvegi og fjölbreyttu og framsæknu atvinnulífi

ÖFLUGT HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG

Við ætlum að byggja upp öflugt og heilsueflandi samfélag þar sem búsetugæði eru með því sem best gerist á Íslandi

VIRKT ÍBÚALÝÐRÆÐI

Við viljum virkari upplýsingagjöf til íbúa og virkt íbúalýðræði með opinni og lýðræðislegri stjórnsýslu

SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG

Við ætlum að vera umhverfisvænt og grænt samfélag bæði hvað varðar afurðir og umhverfi



GILDI FLÓAHREPPS




SJÁLFBÆRNI

Við erum sjálfbær í allri starfsemi sveitarfélagsins



FRAMSÆKNI


Við erum framsækin í atvinnulífi og uppbyggingu samfélagsins



SAMVINNA


Samvinna íbúanna leikur stórt hlutverk þegar kemur að framþróun samfélagsins

GILDI SKÓLANNA



HUGUR

Áhersla er lögð á að koma til móts við fjölbreyttar námsþarfir allra nemenda og þeir verði virkir og beri ábyrgð á eigin námi



HJARTA

Áhersla er lögð á jákvæð og uppbyggjandi samskipti þar sem nemendur fá stuðning við að greina og vinna með eigin líðan



HÖND

Áhersla er lögð á að nemendum gefist kostur á að kynnst fjölbreyttu framboði í list- og verkgreinum og fái tækifæri til að greina áhugasvið sitt



HLUTVERK LEIK- OG GRUNNSKÓLA

- Að vera hjartað í samfélaginu í takt við gildin: hugur- hjarta- hönd
- Að bjóða einstaklingsmiðað nám sem styrkir andlegt, félagslegt og líkamlegt heilbrigði nemenda
- Að undirbúa nemendur undir nám og störf í nútímasamfélagi og byggja upp færni og víðsýni til þess að takast á við fjölbreytt verkefni
- Að leggja grunn að sterkri sjálfsmynd, samskiptahæfni og réttlætiskennd nemenda með kærleik, gleði og umburðarlyndi að leiðarljósi
- Að örva skapandi hugsun nemenda og búa þeim umhverfi til nýsköpunar
- Að tryggja öfluga stoðþjónustu með áherslu á snemmtæka íhlutun
- Að efla umhverfisvitund og byggja upp markvissa umhverfis- og útikennslu
- Að auka læsi og skilning í víðu samhengi
- Að þjálfa nemendur í upplýsinga-, miðla- og tæknilæsi



STEFNUÁHERSLUR SKÓLASTEFNU

FRAMTÍDARSÝN

Öflugt skólastarf sem byggir á einstaklingsmiðuðu námi með áherslu á að hlúa að styrkleikum nemenda og örva skapandi hugsun

MANNAUÐUR

Styrkleikar hvers og eins fá að njóta sín og áhersla lögð á jafnrétti og vellíðan

UMGJÖRD

Standa vörð um skólastarf til þess að efla og viðhalda þekkingu og færni í samfélaginu

SAMFÉLAGIÐ

Búa nemendur undir þátttöku í lýðræðissamfélagi með heilsueflingu, samstarfi og samvinnu

UMHVERFIÐ

Efla umhverfisvitund og leggja rækt við sérstöðu samfélagsins





MANNAUÐUR

Styrkleikar hvers og eins fá að njóta sín og áhersla lögð á jafnrétti og vellíðan



1. Styrkleikar nemenda fá notið sín
2. Vellíðan og jöfn tækifæri nemenda í leik og starfi
3. Nemendur hafi áhrif á og beri ábyrgð á námi sínu í samræmi við þroska og getu
4. Vellíðan og starfsánægja starfsfólks
5. Öflugt og vel menntað starfsfólk
6. Gott upplýsingaflæði, samráð og samstarf



LEIÐIR AÐ MARKMIÐI

➤ STYRKLEIKAR NEMENDA FÁI NOTIÐ SÍN

- Unnið með styrkleika nemenda á einstaklingsmiðaðan hátt og námsmat endurspeglar það
- Frjálssir leikir úti og inni eru mikilvægir í námi leik- og grunnskólanemenda
- Nemendur eigi góða vini og þyki gaman í skólanum
- Nemendur fá þjálfun í að virkja sköpunarkraft sinn
- Lögð er áhersla á læsi í víðum skilningi
- Virt mælitæki notuð til þess að mæla árangur af skólastarfi
- Sterk sjálfsmynd og gott sjálfstraust eru grundvöllur forvarnarstarfs

➤ VELLÍÐAN OG JÖFN TÆKIFÆRI NEMENDA Í LEIK OG STARFI

- Allir nemendur geta tekið þátt í leik og starfi skólanna og ferðum á þeirra vegum
- Kennsla í lífsleikni og regluleg þjálfun nemenda í góðum samskiptum
- Reglulegar kannanir á líðan nemenda
- Reglulegt sjálfsmat nemenda



LEIÐIR AÐ MARKMIÐI

➤ NEMENDUR HAFI ÁHRIF Á OG BERI ÁBYRGÐ Á NÁMI SÍNU Í SAMRÆMI VIÐ ÞROSKA OG GETU

- Raddir nemenda heyrast og þeir fá tækifæri til að hafa áhrif á nám sitt og námsumhverfi
- Markvisst er unnið með sjálfstraust, seiglu, líðan og sjálfs-mynd nemenda
- Nemendur eru hvattir til sjálfstæðra vinnubragða
- Nemendur fá þjálfun í ákvarðanatöku

➤ VELLÍÐAN OG STARFSÁNÆGJA STARFSFÓLKS

- Skapa góðan starfsvettvang fyrir starfsfólk
- Öflug starfsþróun starfsfólks
- Starfsfólk fær stuðning við framsækni og sjálfstæði í starfi
- Regluleg starfsmannasamtöl og eftirfylgni markmiða
- Jöfn tækifæri og margbreytileiki í fjölmeningarsamfélagi
- Fylgst með líðan og starfsmannaveltu
- Þetta samstarf starfsfólks og foreldra



LEIÐIR AÐ MARKMIÐI

➤ ÖFLUGT OG VEL MENNTAÐ STARFSFÓLK

- Ráða starfsfólk með fjölbreytta menntun
- Starfsfólk hafi fjölbreytt tækifæri til sí- og endurmenntunar
- Skapa starfsfólki rými til nýsköpunar- og þróunarstarfs

➤ GOTT UPPLÝSINGAFLÆÐI, SAMRÁÐ OG SAMSTARF

- Öflugt og náð samstarf heimila og skóla
- Virk þátttaka foreldra og íbúa í skólasamfélaginu
- Öflug tengsl skóla við grenndarsamfélagið með markvissri fræðslu, umhverfi, þekkingu og atvinnutækifærum
- Gott upplýsingaflæði innan skóla og út í samfélagið
- Upplýsa samfélagið um unnin verkefni





UMGJÖRÐ

Standa vörð um skólastarf til þess að efla og viðhalda þekkingu og færni í samfélaginu



1. Skýr stefna í skólamálum og skilgreind, mælanleg markmið
2. Tryggt fjármagn til að viðhalda og byggja upp aðstöðu til skólahalds
3. Framsækið og skapandi nám
4. Sérfræðiþjónusta sem styður við skólastarfið
5. Öflug stoðþjónusta innan skóla



LEIÐIR AÐ MARKMIÐI

➤ SKÝR STEFNA Í SKÓLAMÁLUM OG SKILGREIND, MÆLANLEG MARKMIÐ

- Unnið samkvæmt hugmyndafræði uppeldisstefna skólanna og gerð grein fyrir verkefnum sem þeim tengjast
- Gildi skólanna endurspeglast í öllu starfi þeirra
- Mat á skólastarfi framkvæmt og umbótaáætlanir kynntar
- Fylgst með niðurstöðum staðlaðra prófa og unnið með þær

➤ TRYGGT FJÁRMAGN TIL AÐ BYGGJA UPP OG VIÐHALDA ÖFLUGU SKÓLASTARFI

- Tryggja góða aðstöðu og viðhald búnaðar til almenns skólahalds
- Bjóða upp á fjölbreytt námsval og verklegar greinar sem endurspeglar áhuga nemenda
- Starfsfólk geti haft áhrif á undirbúning að gerð fjárhagsáætlunar skólanna



LEIÐIR AÐ MARKMIÐI

➤ FRAMSÆKIÐ OG SKAPANDI NÁM

- Áhersla á fjölbreytt og skapandi skólastarf
- Þverfaglegt samstarf og verkefnavinna
- Teymis- og þemavinna í forgrunni
- Auka vægi náms upplýsingatækni- og nýsköpunar í skólastarfi
- Áhersla á útikennslu og umhverfisfræðslu nemenda
- Áhersla á skapandi greinar, (leiklist, tónlist, dans, spuna)
- Áhersla á verkgreinar

➤ SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA SEM STYÐUR VIÐ SKÓLASTARFIÐ

- Áhersla á snemmtæka íhlutun og skilvirkar greiningar
- Nemendur fá sérfræðiþjónustu og stuðning eftir þörfum
- Foreldrum og starfsfólki veitt ráðgjöf og stuðningur
- Sérfræðiþjónusta metin reglulega



LEIÐIR AÐ MARKMIÐI

➤ ÖFLUG STÖÐPJÓNUSTA INNAN SKÓLANNA

- Fjölbreyttur stuðningur og ráðgjöf við nemendur, foreldra og starfsfólk
- Stutt vel við nemendur sem það þurfa





SAMFÉLAG

Nemendur búnir undir þátttöku
í lýðræðissamfélagi með
heilsuefingu, samstarfi og
samvinnu



1. Lýðræði og jöfnuður, friður og réttlæti
2. Heilsueflandi leik- og grunnskóli
3. Samstarf leik- og grunnskóla
4. Góð samvinna við nærsamfélagið
5. Fræðsla og ráðgjöf um nám og störf



LEIÐIR AÐ MARKMIÐI

➤ LÝÐRÆÐI OG JÖFNUÐUR, FRÍÐUR OG RÉTTLÆTI

- Góð og virk upplýsingagjöf á milli skóla og samfélags
- Virk þátttaka forráðamanna í stefnumótun og skólastarfi
- Íbúafundir haldnir reglulega til að ræða skólastarf
- Samvinna við aðra skóla um innleiðingu heimsmarkmiða í skólastarf

➤ LEIK- OG GRUNNSKÓLI Í HEILSUEFLANDI SAMFÉLAGI

- Vitundarvakning um heilsutengd málefni
- Áhersla á vellíðan og jákvæða sjálfsmynd
- Íþróttaaðstaða uppfylli skilyrði um íþróttaiðkun nemenda
- Tómstundir verði hluti af samfelldum skóladegi eins og mögulegt er
- Markvisst unnið að forvörnum og fræðslu um jafnrétti, geðheilbrigði, og varnir gegn fíkn



LEIÐIR AÐ MARKMIÐI

➤ SAMSTARF LEIK- OG GRUNNSKÓLA

- Gildi skólanna hugur – hjarta – hönd lögð til grundvallar í skólastarfi
- Öflugt samstarf með sameiginlegri læsisstefnu, umhverfisfræðslu, vorskóla, skólaheimsóknum og áherslu á samskipti og líðan
- Skólaganga í leik- grunn- og framhaldsskóla brúuð með samstarfi og samtali
- Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna innleidd í skólastarfið

➤ GÓÐ SAMVINNA OG SAMSTARF VIÐ NÆRSAMFÉLAGIÐ

- Markviss tengsl skóla og atvinnulífs
- Skólastefnan er tæki til mótunar samfélagsins
- Starfsnám og starfskynningar eru hluti af skólastarfinu
- Nýta þekkingu sem er til staðar í samfélaginu (gæði eigin samfélags)
- Tryggja fjölbreytt námsframboð



LEIÐIR AÐ MARKMIÐI

➤ FRÆÐSLA OG RÁÐGJÖF UM NÁM OG STÖRF

- Efla vitund um séreinkenni samfélagsins
- Miðlun upplýsinga um möguleika og framboð á fjölbreyttu námi og störfum
- Vinna með og greining á áhugasviði nemenda
- Heimsóknir á vinnustaði og stofnanir
- Kynningar úr atvinnulífinu





UMHVERFI

Efla umhverfisvitund og leggja
rækt við sérstöðu samfélagsins



1. Skólarnir leiða verkefni sem taka mið af sjálfbærri þróun og efla umhverfisvitund nemenda
2. Skólarnir nýta nærumhverfið í leik og starfi
3. Geta til aðgerða eflað hjá nemendum með þjálfun í útsjónarsemi



LEIÐIR AÐ MARKMIÐI

➤ SKÓLARNIR LEIÐA VERKEFNI SEM TAKA MIÐ AF SJÁLF-BÆRRI ÞRÓUN OG EFLA UMHVERFISVITUND NEMENDA

- Skólarnir vinna samkvæmt hugmyndafræði Skóla á grænni grein
- Við skólana starfar umhverfisnefnd skipuð nemendum og starfsfólki sem fundar reglulega
- Mat er reglulega lagt á stöðu umhverfismála
- Gerðar eru áætlanir um aðgerðir og markmið og unnið eftir þeim
- Eftirlit og endurmat á aðgerðum
- Námsefnisgerð og tenging við námskrá
- Að upplýsa og fá aðra með
- Starf skólanna er í anda umhverfissáttmála sem þeir hafa sett sér



LEIÐIR AÐ MARKMIÐI

➤ SKÓLARNIR NÝTA NÆRUMHVERFIÐ Í LEIK OG STARFI

- Námsmöguleikar nýttir bæði úti og inni
- Nemendur þekki vel umhverfi sitt
- Umhverfið bjóði upp á nýsköpun og sjálfbærni
- Almenn umhverfisvitund og umhverfisrækt
- Hreyfing og útivist í nærumhverfi skólanna
- Sjálfbærni- og nýsköpunarverkefni kynnt íbúum t.d. með uppskeruhátíð eða þemaviku

➤ GETA TIL AÐGERÐA EFLD HJÁ NEMENDUM MEÐ ÞJÁLFUN Í ÚTSJÓNARSEMI

- Áhersla lögð á verkefni nemenda sem miða að sjálfbærni
- Fræðsla og verkefni tengd getu til aðgerða
- Áhersla lögð á grenndarsamfélagið og hvernig best sé að umgangast það með sjálfbærni í huga
- Unnið er með hnattrænt jafnræði og mikilvægi þess að allir jarðarbúar fái sínum grunnþörfum uppfyllt
- Unnið með mikilvægi endurvinnslu og endurnýtingu hluta





INNLEIÐING OG LOKAORÐ

Skólafestna Flóahrepps er sett fram sem öflug framtíðarsýn í skólamálu í Flóahreppi. Skólarnir sem stefnan tekur til eru grunnskólinn Flóaskóli og leikskólinn Krakkaborg. Skólarnir í sveitarfélaginu eru mikilvægir fyrir alla umgjörð yngstu íbúanna og móta þeirra framtíð. Skólafest er gríðarlega mikilvægt til þess að auka og viðhalda góðri þekkingu í samfélaginu. Nemendur eru virkir þátttakendur í samfélaginu og öflugt samstarf heimilis- og skóla skiptir því öllu máli.

Skýr stefna er nauðsynleg til þess að heimili og sveitarfélag geti fylgst með framkvæmd skólafests og lagt mat á gæði þess. Skólafestna Flóahrepps verður höfð að leiðarljósi við gerð skólanámskráa og mun hún vera stjórnendum uppeldisstofnana sveitarfélagsins leiðarvísir að uppbyggingu starfseminnar. Skólanámskrár eru þannig framkvæmdaáætlanir skólafestunnar og kynntar foreldrum og staðfestar í fræðslunefnd og sveitarstjórn í samræmi við lög og reglugerðir. Fyrir hvert starfsár eru unnar starfsáætlanir skólanna sem útlista skipulag og mat á skólafesti og leggur grunn að innleiðingu skólafestunnar. Innleiðing heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna í skólafest verður hluti innleiðingar festunnar í leik- og grunnskóla.





Útgefið af Podium ehf.
Ráðgjöf: Eva Magnúsdóttir